

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

22. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2014-2018

Árið 2015, mánudaginn 4. des. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Salvar Baldursson, Guðbjörg Bergmundsdóttir og Pétur G. Markan, sveitarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Fundargerð 9. fundar Fræðslunefndar.
2. Fundargerð 10. fundar Skipulags og byggingarnefndar.
3. Fundargerð 1. fundar Atvinnumálanefndar.
4. Leigusamningur um Eyrardalsbæ.
5. Ráðning bókara.
6. Gjaldskrár 2016 – fyrri umræða.
7. Álagning 2016 – fyrri umræða.
8. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna 2016 – fyrri umræða.
9. Fundargerð nr.832 Samband íslenskra sveitarfélaga.
10. Fundargerð nr.379 Hafnarsamband Íslands.
11. Fundargerð nr.23 Sjávarútvegssveitarfélög
12. Fundargerð Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 17.10
13. Wapp í Súðavíkurhreppi – kynning á samstarfsyfirlýsingu.
14. Jafnréttisstefna Súðavíkurhrepps 2015 – 2018. Seinni umræða.

1.

Fundargerðin lögð fram.

Sveitarstjórn staðfestir annan og þriðja lið fundargerðarinnar.

2.

- a) Sveitarstjórn samþykkir erindið.
- b) Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfið. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að boða til fundar með landeiganda Reykjaness og eiganda lögbýlisins Reykjafjarðar.
- c) Sveitarstjórn samþykkir
- d) Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps ráðgerir að hefja vinnu við heildarendurskoðun við aðalskipulags á árinu 2016. Gert er ráð fyrir vinnunni í fjárhagsáætlun 2016
- e) Lagt fram.
- f) Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps staðfestir bókun nefndarinnar og tekur undir í tilhlökkun nefndarinnar um bætt raforkuöryggi á svæðinu.

3.

- a) Staðfest af sveitarstjórn
- b) Staðfest af sveitarstjórn
- c)

Hér yfirgefur Anna Lind fundinn.

Tekið er fyrir bréf / tillaga frá Finni Jónssyni fyrir hönd Iceland Sea Angling, dagsett 28. nóv 2016.

Nefndin telur sér ekki fært að verða við erindinu.

Sveitarstjórn staðfestir tillögu atvinnumálanefndar með eftirfarandi breytingum:

Í fjórðu grein bætist við eftirfarandi setningu, breyting er feitletrðu og undirstrikuð: 15% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi/ **krókaafلامark**.

B liður sjöttu greinar fellur út sem er eftirfarandi setning: *Aflinn skal nema í þorskígildum talið einu og hálfu, (1,5) magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.*

Samþykkt samhljóða.

Hér kemur Anna Lind Ragnarsdóttir inn á fundinn.

- d) Sveitarstjórn staðfestir liðinn og felur sveitarstjóra að vinna að stofnun ferðamálaráðs Súðavíkurhrepps.

4. Leigusamningur lagður fram af sveitarstjóra um Eyrardalsbæinn ( Melrakkasetrið)

Samningurinn samþykktur samhljóða.

Sveitarstjóra falið að klára framlagðan leigusamning við Melrakkasetur Íslands.

5. Sveitarstjóri leggur fram minnisblað. Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að ráða inn sem bókara Súðavíkurhrepps, Genku Yordanovu.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir að ráða Genku Yordanovu sem bókara við Súðavíkurhrepp.

Sveitarstjóra falið að klára ráðningasamning við Genku.

Samþykkt samhljóða.

6. Gjaldskrá Súðavíkurhrepps 2016 lögð fram og vísað til seinni umræðu.

7. Álagningarskrá Súðavíkurhrepps 2016 lögð fram og vísað til seinni umræðu.

8. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna 2016 lögð fram og vísað til seinni umræðu.

Einn vinnufundur sveitarstjórnar verður haldin á milli áætlana.

9. Lagt fram.

10. Lagt fram.

11. Lagt fram.

12. Lagt fram.

13. Sveitarstjórn vísar málinu menningar og kynningarnefndar.

14. Jafnréttisstefna Súðavíkurbrepps 2015 - 2018 staðfest í seinni umræðu.

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 16:30**

**Anna Lind Ragnarsdóttir  
oddviti**

**Salvar Baldursson**

**Guðbjörg Bergmundsdóttir**

**Pétur G. Markan, sveitarstjóri**